

Bæjarstjórn Garðabæjar
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.01.20
Málalýðni	00.10.1
Mál nr.	2001026

18. desember 2019

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins (eftir sameiningu Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar í mars sl.) sækir hér með um 300.000 kr. styrk úr bæjarsjóði Garðabæjar til starfsemi sinnar.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar eru elstu aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands, stofnuð 1949 og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins varð því 70 ára á þessu ári. Félagssvæðið nær yfir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ, Reykjavík og Seltjarnarnes. Helstu viðfangsefni félagsins eru fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir en félagið annast fræðslustarfsemi í umboði Krabbameinsfélags Íslands.

Sótt er um styrk til áframhaldandi fræðsluverkefna félagsins. Nokkur dæmi um þau eru nefnd hér að neðan:

1. Útgáfu- og fræðsluverkefni

Krabbameinsfélagið gefur út fræðslurit og heldur úti öflugri vefsíðu. Öllu almennu fræðsluefni félagsins er dreift ókeypis.

Norrænu krabbameinsfélögin vinna sameiginlega að átaki í sólarvörnum og eru með samstarfshóp í tóbaksvörnum.

Félagið vinnur náið með stuðningshópum Krabbameinsfélagsins Íslands að fræðslu- og útgáfumálum hópanna, með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Á árinu kom út m.a. umfangsmikið rit „Leiðbeiningar fyrir karla sem eru nýgreindir með krabbamein í blöðruhálskirtli“.

2. Tóbaksvarnafræðsla og námskeið í reykbíndindi


Það hefur verið forgangsverkefni Krabbameinsfélags Reykjavíkur í meira en sextíu ár að fræða um skaðsemi reykinga og annarrar tóbaksneyslu. Því starfi mun sameinað félag halda áfram af fullum krafti. Verulegur árangur á því sviði náðist með fræðslu til grunnskólanema en hún stóð hæst frá 1975 til 2004. Nú er félagið að vinna að fræðslu í skólum um rafsígarettur. Grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu fengu boð um fræðslu um rafsígarettur í vor. Nú erum við að leggja lokahönd á upptöku fræðslufyrirlesturs sem verður aðgengilegur fyrir skóla, foreldrafélög, félagsmiðstöðvar og fl.

Félagið hefur frá árinu 1985 staðið fyrir námskeiðum til að hjálpa fólki að hætta að reykja og nota tóbak. Unnið er að því að greina og afmarka sérstaklega hópa sem sýna lakari stöðu en aðrir hvað varðar tóbaksnotkun og ná til þeirra hópa sem hér um ræðir með sértækum hætti. Þetta á meðal annars við um fólk af erlendum uppruna. Nýtt líf án tóbaks er nýtt fræðsluefni um hvernig hægt sé að nálgast ófrískar konur sem ekki tekst að hætta tóbaksneyslu á meðgöngu. Einnig vinnum við í nánú samstarfi við Reyksímann.

Að frátöldum styrkjum stendur félagið sjálft undir kostnaði við fræðslustarfið, einkum með rekstri happdrættis Krabbameinsfélagsins. Kostnaður við stuðning við sjúklinga og fræðslu félagsins var rúmar 22 milljónir króna árið 2018. Mikilvægt er að félagið fái áframhaldandi fjárstuðning við fræðslustarfsemi sína.

Í tilefni af sjötíu ára afmælisári félagsins erum við byrjuð að heimsækja sveitarfélögin á félagssvæðinu þar sem við fáum að koma og kynna starfsemi okkar og um leið að fá kynningu á fræðslu- og forvarnarstarfi sveitarfélaganna. Höfum óskað eftir því að fá að koma á fund í Garðabæ sem fyrst á nýju ári.

Með bestu kveðjum og með von um góðar undirtektir,
f. h. Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Guðlaug B. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
gbg@krabb.is, s. 540 1900
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Meðfylgjandi:

1. Ársreikningur 2018 og ársskýrsla og afmælisrit félagsins.